

# Öndunarpróf

Miðstöð meltingarlækninga, 3. hæð vesturhús, Læknastöðinni Glæsibæ  
Álfheimum 74, 104 Reykjavík, [www.mml.is](http://www.mml.is)

## Almennar upplýsingar

Öndunarpróf (Urea breath test) er rannsókn þar sem mæling er gerð á útblæstri til að kanna hvort bakterían *Helicobacter Pylori* finnist í maga.

## Undirbúningur

<b>Í FJÓRAR VIKUR FYRIR RANNSÓKNINA</b>	<b>Ekki má nota</b> sýklalyf í fjórar vikur
<b>Í TVÆR VIKUR FYRIR RANNSÓKNINA</b>	<b>Ekki má nota</b> sýrubindandi lyf (PPI lyf) í tvær vikur (s.s. Nexium, Omeprazol, Esomeprazol, Rabeprazol, Pariet). Ef bakflæði er slæmt má nota tuggutöflur eins og Rennie eða Gaviscon.
<b>TVÆR KLUKKUSTUNDIR FYRIR RANNSÓKNINA</b>	Fastandi bæði á mat og drykk í <b>tvær klukkustundir</b> .

## Framkvæmd rannsóknar

Við komu tekur hjúkrunarfræðingur/sjúkraliði á móti þér. Þú ert spurður nokkurra spurninga er varða undirbúning og farið er yfir framkvæmd rannsóknar.

Þú þarft að blása í tvo poka, taka eina töflu á milli og drekka 150 ml af vatni með. Þessi tafla er hvarfefni sem gerir okkur kleift að sjá hvort *Helicobacter pylori* sé í maga. Rannsóknin tekur um 30 mínútur.

Eftir rannsóknina máttu borða eðlilega og taka magasýrubindandi lyf aftur líkt og áður. Það verður haft samband við þig þegar niðurstöður liggja fyrir.

Ef nánari upplýsinga er þörf hafið þá samband við starfsfólk okkar í síma **535-6800** alla virka daga milli kl. 08-16.

Gangi þér vel,

Kveðja starfsfólk Miðstöð meltingarlækning